



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ALÞJÓÐLEGUR FUNDUR UM AÐGERÐIR GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM

Dagana 12.-15. október er haldinn hér á landi alþjóðlegur samráðsfundur í boði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Frumkvæði að fundinum hafa samtök ungra forystumanna á heimsvísu, *Young Global Leaders*, sem starfa á vettvangi hinnar árleгу Davos-ráðstefnu, *World Economic Forum*.

Fundurinn ber heitið *Iceland Climate Change Action Summit* og taka þátt í honum um 70 forystumenn víða að úr veröldinni úr alþjóðlegu viðskiptalífi, í fjölmiðlum og frjálsum félagasamtökum sem beita sér sérstaklega í umhverfismálum; einnig fjárfestar sem hafa áhuga á endurnýjanlegum orkugjöfum og verkefnum til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Fundargestum verða kynnt nokkur verkefni sem Íslendingar standa að í orku- og umhverfismálum.

Fundurinn er hinn fyrsti sinnar tegundar og er ætlunin að þróa raunhæfar leiðir í umhverfismálum með því að tengja saman fjármagn og nýsköpun. Ísland er vettvangur fundarins, bæði vegna boðs forseta Íslands og vegna þess árangurs sem hér hefur náðst í vistvænni orkuframleiðslu.

Fulltrúar í samtökum ungra forystumanna á heimsvísu (www.younggloballeaders.org) eru valdir af hinni heimspekktu ráðstefnu í Davos á þeim grundvelli að þeir séu líklegir til að skipa sér í raðir helstu forystumanna veraldar á komandi árum. Tveir Íslendingar taka þátt í aðgerðahópi samtakanna gegn gróðurhúsaáhrifum: Björgólfur Thor Björgólfsson alþjóðlegur fjárfestir og Ólafur Elíasson myndlistarmaður.

Bakhjarlar fundarins eru Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, og Nand & Jeet Khemka Foundation.

Fyrir hádegi á morgun, laugardaginn 14. október, verður samráðsfundurinn haldinn á Bessastöðum og er fjölmiðlum heimilt að mynda fundinn kl. 10:30.

Meðfylgjandi eru myndir af Íslendingunum sem þátt taka í fundinum, Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands, Björgólfi Thor Björgólfssyni athafnamanni og Ólafi Elíassyni myndlistarmanni þar sem þeir voru í morgun að ræða ýmsa framkvæmdaþætti fundarhaldanna á Bessastöðum.

*Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur
Thorsson forsetaritari (896 3028) og Kristján Guy Burgess hjá Alþjóðaveri (699 0351).*